

Reykjavík 5. september 2018

Efni: fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, dagsett 4. september 2018..

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um hvenær ákveðið að hætta að selja auglýsingar á strætisvagna - R18080193

Hvenær var ákveðið að hætta að selja auglýsingar á strætisvagna?

Strætó var með samning við AFA-JCDecaux Ísland (AFA) um að annast að öllu leyti auglýsingabirtingar utan á strætisvögnum og á þili aftan við vagnstjórasetið.

Gildistími samnings var 1. janúar 2006 til 31. desember 2008 (3 ára samningur).

Samningur var ekki endurnýjaður/framlengdur við lok samningstíma.

Ástæða: AFA óskaði eftir að samningsfjárhæðin yrði lækkuð í ljósi efnahagsástands. Samkvæmt upplýsingum frá þáverandi fjármálastjóra Strætó var það ekki gerlegt í ljósi kostnaðar Strætó við verkefnið.

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um heildartekjur vegna sölu auglýsinga á strætisvögnum - R18080193

Hverjar voru heildartekjur á ári, síðustu 5 ár sem auglýsingar voru seldar á strætisvagna?

AFA greiddi Strætó 1 m.kr. á mánuði vísitölutryggð miðað við grunnvísitölu desember 2005. Samtals var því um að ræða 12 m.kr. á ári, samtals 36 m.kr. á verðlagi desember 2005 á samningstímanum.

AFA fékk afnot af aðstöðu Strætó án sérstakt endurgjalds.

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað við merkingar strætisvagna - R18080193

Hver er kostnaður fyrirtækisins á ári að merkja vagnana eftir að ákveðið var að hætta að selja auglýsingar?

Árlegur kostnaður Strætó bs. er um 2,0 m.kr. + vsk

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um hvers vegna var hætt að selja auglýsingar á strætisvagna - R18080193

Hver voru rökin fyrir því að hætta að selja auglýsingar á vagnana en halda áfram að selja auglýsingar á strætóskýli?

Ástæða: AFA óskaði eftir að samningsfjárhæðin vegna auglýsinga á vögnum yrði lækkuð í ljósi efnahagsástands. Samkvæmt upplýsingum frá þáverandi fjármálastjóra Strætó var það ekki gerlegt í ljósi kostnaðar Strætó við verkefnið og því var samningurinn ekki endurnýjaður.

AFA skýlin með auglýsingum eru rekin á AFA, starfsmenn Strætó þekkja ekki ástæðuna af hverju áfram var auglýst þar.

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað við að heilmerkja strætisvagna R18080193

Hvað kostar að heilmerkja einn strætisvagn eins og t.d. gullvagninn? **500.000 kr. +vsk**

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað við slagorðamerkingar strætisvagna - R18080193

Hvað kostar að slagorðamerkja einn strætisvagn? **33.500 kr. + vsk**

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um hugmyndasmið að slagorðaherferð R18080193

Hver er hugmyndasmiðurinn að slagorðaherferðinni sem er núna í gangi á vögnum og vissu fulltrúar Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Álftaness og Mosfellsbæjar í stjórn Strætó bs. af þessari herferð?

1. Ábyrgð á merkingum vagnaflota Strætó bs. er hjá framkvæmdastjóra og sviðsstjóra fjármála og reksturs hjá Strætó bs.
2. Merkingar á Strætó með þessum hætti eru búnar að vera í gangi frá byrjun árs 2017. Ný nálgun í markaðsmálum þar með talið „Besta leiðin“ var kynnt á fundi stjórnar 21. október 2016, þann fund sátu fulltrúar Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Álftaness (sem er hluti af Garðabæ) og Mosfellsbæjar ásamt fulltrúa Reykjavíkur. Einnig var farið yfir nýja markaðsáætlun á opnum ársfundi Strætó bs. 12. maí 2017.